



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. P 143/81
komudagur 29.10.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.). 143. löggjafarþing 2013- 2014. Þingskjal nr. 3 - 3. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið að taka ofangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpið inniheldur margvíslegar breytingar á ýmsum lögum sem eru til grundvallar fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014.

MRSÍ gerir eftirfarandi athugasemdir;

1. XIV. kafli – breyting á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof með síðari breytingum.

MRSÍ fagnar því að hækka eigi hámarkspak greiðslna úr fæðingarorlofssjóði enn frekar en gert var með breytingum þeim sem gerðar voru á lögnum í desember 2012 (l. 143/2012). MRSÍ telur slíka hækkun jákvætt skref í þá átt að leiðrétta þá skerðingu er gerð var á fæðingar- og foreldraorlofi í kjölfar þrenginga í ríkisfjármálum haustið 2008. MRSÍ telur og mikilvægt að kveðið verði skýrt á um hvenær skerðing greiðslna í fæðingar- og foreldraorlofi verði að fullu gengin til baka.

MRSÍ gerir athugasemdir við að fallið verði frá lengingu fæðingarorlofsins úr 9 mánuðum í 12 mánuði sem átti að fara fram í skrefum fram til ársins 2015. MRSÍ telur að lenging orlofsins yrði til þess að auka jafnrétti kynjanna ásamt því að koma betur til móts við foreldra ungra barna með því að gera þeim kleift að vera lengur heima hjá ungum börnum sínum. Betur færi á því, ef talið er nauðsynlegt í sparnaðarskyni, að fresta eða lengja þann tíma sem þessi lenging ætti sér stað. Enn fremur vill MRSÍ benda á að jákvætt væri frekar, ef ríkisstjórnin vill halda fæðingarorlofinu í 9 mánuðum, að hvort foreldri um sig ætti þá rétt á fjórum mánuðum (en ekki þremur) og foreldrar hefðu þá þann mánuð sem út af stendur til skiptana.

2. XII. kafli – breyting á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Hækkun á skrásetningargjöldum í opinberum háskólum úr 60 þúsund kr. í 75 þúsund kr. MRSÍ bendir á að slíkt gjald getur verið þröskuldur fyrir marga sem hyggjast hefja háskólanám. Í 2. mgr. 76. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að; „öllum skuli vera tryggður í



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi“. Í 2. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) er kveðið á um réttinn til menntunar. Almennt hefur verið litið svo á að hugtakið menntun í 2. gr. 1. viðauka MSE taki til grunnskólanáms, framhaldsnáms, og æðri menntunar eða háskólastigs.¹ Í ljósi ofangreindra ákvæða má ætla að stjórnvöldum hér á landi beri að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að verja þennan rétt og gera öllum kleift að nýta sér hann. Þurfa stjórnvöld því ávallt að hafa í huga að réttur til menntunar hér á landi sé virtur og hann sé raunverulegur fyrir alla óháð efnahag eða stöðu að öðru leyti.

Að lokum bendir MRSÍ á að skilað verður inn athugasemdum við fjárlagafrumvarp ársins 2014 þar sem ofangreint verður áréttað en einnig verða gerðar athugasemdir við fleiri málefni sem snerta grundvallarréttindi almennings á Íslandi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

¹ Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir. „Réttur til menntunar og frjálsra kosninga“ í ritinu Mannréttindasáttmáli Evrópu, meginreglur, framkvæmd og áhrifa á íslenskan rétt. Bls. 511